

# Kennarasamband Íslands



Elna Katrín Jónsdóttir

# Aðdragandi kjarasamninga 2004

---

- Kjarasamningur 2001 markaði þáttaskil.
- Launaþróun á seinni hluta samningstíma (2001-2004) fremur óhagstæð.
- Tvíbent afstaða til dreifstýrðra kjarasamninga innan framhaldsskólans.
- Áhersla á aðlögun stofnanasamninga að þörfum og sérkennum stofnana og að nýjum og breyttum verkefnum fylgdu skilgreindar fjárveitingar.

# Þróun í samningaviðræðum 2004

---

- Sameiginlegur áhugi samningsaðila á einföldun launakerfis varð ljós í samningaviðræðum.
- Eins launatafla fyrir alla. Meira gagnsæi, auðveldara að beita hlutlægum mælikvörðum um menntun, reynslu o.fl.
- Möguleiki á samkomulagi um að halda betur utan um framkvæmd kjarasamninga með meiri fræðslu, skýrari ákvæðum um fjármögnun kjarasamninganna og vinnu við gerð stofnanasamninga

# Hvað ávannst ?

---

- Sameiginlegur skilningur á þörf þess að sníða stofnanasamninga betur að mismunandi starfsumhverfi stofnana.
- Fjármunir í kjarasamningi eiga að fara í launaröðun og launasetningu
- Sömu ákvæði um samstarfsnefndir og stofnanasamninga hjá stéttarfélögum með samskonar kjarasamninga.

# Hvað ávannst?

---

- Hlutlægir mælikvarðar fyrir launaröðun starfa og einstaklinga skilgreindir í sýnidæmi KÍ/framhaldsskóla og SNR um stofnanasamning.
- Fleiri tilefni til launaröðunar.

# Hvað ávannst?

---

- Ákvæði um sáttanefnd, fræðslu og ráðgjafarteymi treysta umgjörð um framkvæmd samninganna og mæta þörf fyrir aukna þekkingu og úrræði við lausn vandamála og ágreinings.
- Samkomulag um mælingar á launapróun eykur líkur á að tilætlaðar launabreytingar skili sér á rétta staði.

# Markmið og framkvæmd

---

- Markmið um að fjölga möguleikum stofnana til launasetningar, um að færa útfærslu og framkvæmd nær vettvangi og um aukinn sveigjanleika launakerfisins kalla á meiri áherslu á mannauðsstjórnun, á samhengi í starfsmannastefnu, starfslýsingum og launaþróun starfsmanna.
- Skipuleg skráning og varsla upplýsinga um menntun, endurmenntun, starfsreynslu og fleira sem til álita kemur við launasetninguna er hér lykilatriði.

# Miðstýrð dreifstýring?

---

- Framkvæmd stofnanapáttarins er stýrðari en áður.
- Fræðsla og ráðgjöf m.a. til þess að að skapa sambærilegan útgangspunkt í stofnanasamningagerðinni og koma markmiðum kjarasamninganna í framkvæmd.
- Skýrari ákvæði um hvernig verja á kjarasamningsbundnu fé í laun og launasetningu starfsmanna.
- Mælingar á launaþróun skapa aðhald og auka gagnsæi.



# Verk að vinna

---

- Verkið sem samstarfsnefndir vinna á næstunni við launakerfi fyrir sína stofnun er lærdómsferli.
- Samningsaðilar um stofnanasamninga þurfa að gera kröfur til sjálfra sín um fagleg vinnubrögð og nýta fræðslu og ráðgjöf eftir föngum.
- Stéttarfélagin og fjármálaráðuneytið þurfa að sjá til þess að forsendur kjarasamningsins um aðstæður til vinnunnar séu uppfylltar.